

Góðan dag

Það er margt sem kemur uppí hugann þegar maður sér svona hugmyndir eins og menn virðast vera vinna í að koma í gegn varðandi breytingar á skipulagi á Dalvegi 32.

En allt sem hefur komið fram sem rýni í sambandi við þessar breytingar á Dalveginum er ég hjartanlega sammála.

- Skuggamyndun.
- Eignarýrnun.
- Umferð.
- Mengun (hljóð, ljós og loftmengun).
- Gagnaver við mannabyggð.
- Óhófleg jarðvinnsla/sprengingar.

Það er algjörlega óásættanlegt að fyrirhuguð byggingarhæð á D32 reitnum sé þannig að það geri það að verkum að maður þurfi að taka á sig skuggavarþ á bæði garð og hús hluta dags vegna hæðar hússins. Og rökstyðja og réttlæta það með því að vísa í Trönuhjalla 19-23 er varðar hæð og fjarlægð er hlægilegt.

Öll hús á Skógarhjalla sem standa meðfram Dalveginum eru byggð þannig að garður og útisvæði snýr að stærstum hluta að Dalveginum og þá er mitt hús það hús sem stendur efst og þá næst fyrirhugaðri byggingu.

Tel ég einnig galið að veita starfsleyfi fyrir gagnaveri í svona mikilli nálægð við byggð með tilliti til hljóðmengunar. *sjá meðfylgjandi gögn.

Óska ég einnig eftir því að úttekt sé gerð á húsi mínu í því ljósi að það þurfi að sprengja sig hálfa leið til helvítis m.v. byggingaráformin. Jafnframt tel ég bæinn vera baka sér skaðabótaskyldu m.v. þær tillögur sem eru í gangi.

Næg er umferðin á álagstímum að þá er þetta ekki að bæta stöðuna, hvað þá mengunina sem er t.d. í gangi núna þegar þessi orð eru skrifuð 28.feb. kl.16:00 logn og við frostmark.

Finnst þetta dapurt að horfa uppá að kjörnir fulltrúar séu í yfirvinnu við að þóknast byggingarverktökum sem eru jú í þessu til að græða peninga. En það þarf þá líka að gera það þannig að það sé ekki verið að taka fjármuni frá húseigendum í nágrenninu og setja í vasa útvaldra vina og félaga.

Kveðja Daníel, Skógarhjalla 10.

https://ibuagatt.mos.is/meetingsearch/displaydocument.aspx?itemid=22636390153133134758&meetingid=286363950732290213491&filename=16360_170817_I%C3%BDsing_Sv%C3%A6%C3%B0isskipulagsbreytingar.pdf

Undir 19.lið

<https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/stjornsyslan/fundargerdir/umhverfis-og-skipulagsrad/210-fundur-4>

Daníel Ingi Eggertsson

Kt.2509833959

Íbúi að Skógarhjalla 10

Sammála þeirri rýni sem hefur komið fram.

Sama hvað verður gert, ekki gera bara eitthvað!

"When you assume, you make an ass out of you and me".